

EFTIRLITSSKÝRSLA

Stykkishólmur Ögur



Dags eftirlits	3.7.2013	Fulltrúi UST	Sigrún Guðmundsdóttir
Fyrirtæki	Stykkishólmur	Fulltrúi UST	
Heimili		Tegund eftirlits	Reglubundið
Kennitala	6202697009	Flokkur	Úrgangur og efnamóttaka
Fulltrúi fyrirtækis	Þór Örn Jónsson	ÍSAT nr.	38.21.00
Fulltrúi fyrirtækis	frá ÍG ath nafn	Staðsetning	370295,874 514886,814

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Stykkishólmsbær hefur staðið afar vel að sorphirðu og endurvinnslumálum síðustu ár og er sennilega fyrsta sveitarfélagið á landinu til að taka upp 3ja tunnu sorphirðukerfi, þ.e. fyrir 3 úrgangsflokka. Urðunarstaður hefur verið afgirtur með tryggni girðingu á þrjá vegu (fjara/sjór á eina vegu). Umgengni um urðunarstaðinn var í lagi. Gerðar eru ein athugasemd og eitt frávik staðfest. Athugasemdin varðar mælingar á vatni frá urðunarstað og hefur rekstraraðili lýst yfir vilja til að láta framkvæma slíkar mælingar. Frávikið varðar umhleðslu úrgangs sem ekki er getið um í starfsleyfi.

UMFANG EFTIRLITS

Eftirlitið hófst með fundi þar sem farið var yfir það helsta úr starfsemi síðustu tveggja ára. Farið var yfir rekstur staðarins og síðustu eftirlitsskýrslu, magn og tegundir úrgangs, mikilvæg ákvæði starfsleyfis, m.a. umfang starfsemi (ákv. 1.2), mælingar á vatni frá urðunarstaðnum, þekkingu hlutaðeigandi aðila á ákvæðum starfsleyfis og framgang endurvinnslumála. Að fundi loknum var gámasvæði og urðunarsvæði bæjarins við Ögur skoðað.

Frávik frá

Ákv. 1.4 í starfsleyfi en skv. því skal rekstraraðili ávallt tilkynna fyrirhugaðar breytingar á rekstri. Sbr. einnig ákv. 1.2 um umfangs starfsemi.

Lýsing á fráviki

Umhleðsla á endurvinnanlegum úrgangi fer nú fram á urðunarsvæðinu. Slíkrar starfsemi er ekki getið í starfsleyfi og þessi breyting var ekki tilkynnt til Umhverfisstofnunar.

ATHUGASEMDIR

Brynt er að rekstraraðili láti framkvæma mælingar á vatni sem um urðunarstaðinn fer, í samræmi við ákv. starfsleyfis og reglugerðar nr.738/2003 um urðun úrgangs. Rekstraraðili hefur lýst vilja sínum til að framkvæma slíkar mælingar. Hafa skal samráð við undirritaða um sýnatökustaði o.s.frv.

Reykjavík, 17.07.2013

Sigrún Guðmundsdóttir

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Athugasemd: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.